



Viðauki 5 við samstarfssamning milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Menntaskóla í tónlist

1. gr.

Gildistími, sbr. 6.1. gr., í samstarfssamningi um stofnun og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar milli mennta- og barnamálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Menntaskóla í tónlist ses., kt. 560916-0510, dags. 26.10.2016 framlengist til 31.12.2023.

2. gr.

Grein 10.4. breytist á eftirfarandi hátt:

Miðað er við að fjöldi nemenda í fullu námi á tónlistarbraut A sé á bilinu 50 – 70, og fjöldi nemenda í fullu námi á tónlistarbraut B sé á bilinu 130 – 150.

Nemandi í fullu námi. Miðað við fjölda nemenda þremur vikum eftir upphaf annar og 60 einingar á ári, eins og kveðið er á um í aðalnámskrá. Nemendur í fullu námi eru aldrei fleiri en höfðatala nemenda í viðkomandi skóla.

3. gr.

Framlag ríkisins sbr. 13.3. gr. er 455,61 m.kr. fyrir árið 2023 og er ráðstafað af fjárlagalið 02-321-11095.

Reykjavík, 19. október 2023

f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis

f.h. Menntaskóla í tónlist